

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/8/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 235/09/COL frá 20. maí 2009 um tímabundið smástyrkjakerfi (Noregur).....	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2011/EES/8/02		Beiðni Oslo Tingrett dagsett 12. október 2010 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Philip Morris Norway AS og Staten v/Helse- og omsorgsdepartementet (Mál E-16/10) .....	7
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/8/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6019 – APMT/Bolloré/Meridian Port Services) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	8
2011/EES/8/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6115 – Steinhoff/Conforama) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ..	9
2011/EES/8/05		Ríkisaðstoð – Tékkland – Málsnúmer C 6/10 (áður NN 1/10) – Czech Airlines a.s. – hugsanleg einkenni ríkisaðstoðar á láni frá Osinek a.s. – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.....	10
2011/EES/8/06		MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýst eftir tillögum – EACEA/02/11 – Stuðningur við tengslamyndun og mannskípti meðal námsmanna og kennara í Evrópu .....	11
2011/EES/8/07		Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra .....	13

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/8/01

235/09/COL

frá 20. maí 2009

um tímabundið smástyrkjakerfi

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 3. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(4)</sup>,

með vísan til leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins <sup>(5)</sup> einkum VIII. hluta – Tímabundnar reglur sem varða fjármálakreppuna – Tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu <sup>(6)</sup>, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 190/09/COL frá 22. apríl 2009 <sup>(7)</sup>.

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(8)</sup>

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

### I. MÁLSATVIK

#### 1 Málsmeðferð

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 tilkynntu stjórnvöld í Noregi, með bréfi dagsettu 2. apríl 2009 (skjal nr. 514308), svonefnt tímabundið smástyrkjakerfi.

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslenska textanum.]

<sup>(2)</sup> „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> „Bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(5)</sup> Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð (á ensku) er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

<sup>(6)</sup> „Tímabundnu reglurnar“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(7)</sup> Sjá Stjtið. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 26, og EES-viðbæti nr. 3, 20.1.2011, bls. 31.

<sup>(8)</sup> Sjá Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 26, 25.5.2006, bls. 1, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun 319/05/COL frá 14. desember 2005, sem birtist í Stjtið. ESB L 113, 27.4.2006, bls. 24, og EES-viðbæti nr. 21, 27.4.2006, bls. 46.

## 2 Lýsing á fyrirhuguðum ráðstöfunum

### 2.1 Markmið aðstoðarráðstöfunarinnar

Stjórnvöld í Noregi hafa greint frá því að fjármálakreppan sé farin að hafa áhrif á raunhagkerfið. Tilkynnt ráðstöfun kemur til framkvæmda samhliða ýmsum öðrum ráðstöfunum <sup>(9)</sup> sem miðast að því að ráða bót á alvarlegri röskun á norsku efnahagslífi. Samkvæmt tilkynntu kerfi verður heimilt að láta aðstoð, sem nemur litlum fjárhæðum, renna til fyrirtækja sem standa skyndilega frammi fyrir því að lánsfæ er af skornum skammti, eða jafnvel ófánlegt, og stuðla þannig að því að ráða bót á alvarlegri röskun á norsku efnahagslífi.

Kerfið er sett á fót með beinni vísan til ákvæða stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og er byggt á undirkafla 4.2, „Aðstoð sem er samrýmanleg samningnum, litlar fjárhæðir“, í tímabundnu reglunum.

### 2.2 Hvers eðlis er aðstoðin og hvernig er hún veitt?

Notast verður við gagnsæ aðstoðarform eins og þau eru skilgreind í 5. gr. almennu hópundanþágureglugerðarinnar <sup>(10)</sup> og þá sérstaklega sem beinir styrkir, endurgreiðanlegir styrkir, vaxtaniðurgreiðsla og niðurgreidd opinber lán með aðstoðarþætti sem er reiknaður á grundvelli viðmiðunarvaxta Eftirlitsstofnunar EFTA <sup>(11)</sup> eins og þeir eru daginn sem aðstoðin er veitt, og sem opinberar ábyrgðir.

Ábyrgðakerfinu, sem er rekið á vegum Innovasjon Norge, er venjulega beitt í samræmi við gerðina sem um getur í XV. viðauka við EES-samninginn og fjallar um minniháttaraðstoð <sup>(12)</sup>. Þetta þýðir m.a. að með staka styrki, sem renna til fyrirtækja sem teljast ekki illa stödd, er farið sem gagnsæja minniháttaraðstoð þegar sá hluti láns samkvæmt kerfinu, sem varinn er af ábyrgð, nemur ekki hærri fjárhæð en 1 500 000 evrum hjá hverju fyrirtæki (750 000 evrum hjá fyrirtækjum sem stunda flutningastarfsemi). Til þess að reikna aðstoðarþátt opinberra ábyrgða á lánnum umfram 1 500 000, og til samræmis við þann möguleika sem nefndur er í síðasta málslið neðanmálgreinar með stafl. a) í undirkafla 4.3.2 í tímabundnu reglunum, hyggjast stjórnvöld í Noregi nota til viðmiðunar öryggisálagið sem mælt er fyrir um í viðauka við tímabundnu reglurnar. Óháð því hvort ábyrgðirnar eru gefnar út í þágu lítilla eða meðalstórra fyrirtækja eða stórfyrirtækja verður árlegur aðstoðarþáttur hverrar ábyrgðar reiknaður sem munurinn á öryggisálagi samkvæmt viðauka við tímabundnu reglurnar, með áorðnum breytingum, og því árlega álagi sem stjórnvöld í Noregi innheimta.

### 2.3 Landslöggjöf sem liggur til grundvallar aðstoðarráðstöfuninni

Aðstoðarkerfið er starfrækt á grundvelli frumvarps viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins, St.prp nr. 1 (2008–2009), og bréfs ráðuneytisins til Innovasjon Norge („*Oppdragsbrev Innovasjon Norge*“).

Ákvæðin um kerfið öðlast gildi um leið og samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA hefur fengist.

### 2.4 Rekstur kerfisins

Tilkynnt kerfi verður rekið á vegum Innovasjon Norge.

<sup>(9)</sup> Til þess að bregðast við vaxandi erfiðleikum á norskum vinnumarkaði breytti norska ríkisstjórnin fjárlögum ársins 2009 með St.prp. nr. 37 (2008–2009) (stjórnarfrumvarpi). Þó að tímabundna smástyrkjakerfið sé ekki nefnt sérstaklega í St.prp. nr. 37 (2008–2009) koma fjármunir til rekstrar þess af aukafjárveitingu til Innovasjon Norge (Nýsköpunarfélags Noregs) samkvæmt þessari breytingu.

<sup>(10)</sup> Sú reglugerð var felld inn í EES-samninginn, XV. viðauka (ríkisaðstoð), samkvæmt ákvörðun nr. 120/2008, Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 111, og EES-viðbætur nr. 79, 18.12.2008, bls. 20.

<sup>(11)</sup> Viðmiðunarvextirnir reiknast samkvæmt ákvæðum kaflans um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar 788/08/COL frá 17. desember 2008. Til þess að finna viðeigandi viðmiðunarvexti verður að bæta við grunnvextina hæfilegu vaxtaálagi. Gildandi grunnvextir hverju sinni eru birtir á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA.

<sup>(12)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans varðandi [sic] minniháttaraðstoð var felld inn í EES-samninginn, XV. viðauka (ríkisaðstoð), samkvæmt ákvörðun nr. 29/2007, Stjtíð. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 52, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 34.

## 2.5 *Fjárveiting og gildistími*

Stjórnvöld í Noregi hafa greint frá því að ekki sé unnt, að svo komnu máli, að tilgreina árlega fjárveitingu fyrir hina tilkynntu ráðstöfun þar eð almenn fjárveiting til Innovasjon Norge hafi verið hækkuð án þess að tilgreint væri hversu stór hluti hennar skyldi renna til kerfisins.

Heimilt verður að veita aðstoð samkvæmt kerfinu til 31. desember 2010.

## 2.6 *Styrkþegar*

Kerfinu er ætlað að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki hvarvetna í Noregi.

Stjórnvöld í Noregi hafa staðfest að aðstoð samkvæmt þessu kerfi verði hvorki veitt stórfyrirtækjum sem voru illa stödd hinn 1. júlí 2008 í skilningi undirkafla 2.1 í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum, né litlum eða meðalstórum fyrirtækjum sem voru þann dag fyrirtæki sem \*eiga í erfiðleikum\* í skilningi 7. mgr. 1. gr. almennrar reglugerðar um hópundanþágu.

Heimilt verður að veita styrki samkvæmt kerfinu þeim fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd hinn 1. júlí 2008 en mættu erfiðleikum síðar sökum fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum.

## 2.7 *Greinar sem eru styrkhæfar, bann við útflutningsstyrkjum og aðstoð sem ívilnar innlendri framleiðslu á kostnað erlendra*

Tímabundna smástyrkjakerfið gildir í öllum atvinnugreinum, með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í stafl. g) í 38. mgr. undirkafla 4.2.2 í tímabundnu reglunum. Óheimilt er að veita útflutningsstyrki og aðstoð sem ívilnar innlendri framleiðslu og þjónustu á kostnað erlendra (stafl. d) í undirkafla 4.2.2 í tímabundnu reglunum).

## 2.8 *Helstu atriði kerfisins*

Stjórnvöld í Noregi hafa staðfest að nýja kerfið verði í fullu samræmi við skilyrðin sem sett eru fyrir því að aðstoð sem er takmörkuð við litlar fjárhæðir teljist samrýmanleg samningnum, sjá undirkafla 4.2.2 í tímabundnu reglunum. Einkum er að gæta eftirfarandi atriða:

- Aðstoðin má ekki nema hærri styrkjum á hvert fyrirtæki en 500 000 evrum miðað við verga stöðu (þ.e. fyrir frádrátt vegna skatta eða annarra gjalda). Ef aðstoð er veitt á annan hátt en sem styrkur er aðstoðarfjárhæðin skilgreind sem vergt styrkígildi aðstoðarinnar.
- Áður en aðstoð er veitt ber Innovasjon Norge að afla yfirlýsingar, skriflegrar eða rafrænnar, frá hlutaðeigandi fyrirtækjum um hvers kyns aðra aðstoð sem þau hafa þegið á yfirstandandi rekstrarári, hvort sem um ræðir minniháttaraðstoð eða aðstoð á grundvelli þessarar ráðstöfunar. Innovasjon Norge mun ganga úr skugga um að aðstoðin verði ekki til þess að meiri aðstoð renni í heild til fyrirtækisins á tímanum 1. janúar 2008 til 31. desember 2010 en sem nemur settu hámarki, þ.e. 500 000 evrum.
- Engir styrkir verða veittir eftir 31. desember 2010.
- Hvorki verða veittir samkvæmt þessu kerfi útflutningsstyrkir né aðstoð sem ívilnar innlendri framleiðslu á kostnað innfluttrar.
- Þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari ráðstöfun samhliða annarri aðstoð sem er samrýmanleg samningnum verða virt ákvæði um hæstu leyfileg aðstoðarhlutföll í viðkomandi leiðbeinandi reglum eða hópundanþágureglugerðum.
- Aðstoð samkvæmt þessu kerfi verður hvorki veitt stórfyrirtækjum sem voru illa stödd hinn 1. júlí 2008, í skilningi undirkafla 2.1 í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum, né litlum eða meðalstórum fyrirtækjum sem voru þann dag fyrirtæki sem \*eiga í erfiðleikum\* í skilningi 7. mgr. 1. gr. almennrar reglugerðar um hópundanþágu, í þeirri mynd sem hún var felld inn í EES-samninginn.

## 2.9 Eftirlit og skýrslugjöf

Stjórnvöld í Noregi hafa staðfest að fylgt verði reglum um eftirlit og skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í tímabundnu reglunum.

## II. MAT

### 1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

*„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“*

Ríkisfjármunir koma við sögu hér þar sem tilkynnt kerfi er kostað af fjárlögum norska ríkisins. Þá er ráðstöfunin sértæk þar sem hún nýtist aðeins tilteknum fyrirtækjum. Með því að veittir eru takmarkaðir styrkir sem styrkþegar eiga ekki kost á nema vegna þessarar ráðstöfunar hafa styrkþegar visst hagræði af ráðstöfuninni. Loks hefur ráðstöfunin áhrif á viðskipti milli EES-ríkja þar eð kerfið er ekki bundið við styrkþega í greinum þar sem engin viðskipti milli EES-ríkja eiga sér stað.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að kerfið hafi í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

### 2 Málsmeðferð

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3: *„Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“*

Með tilkynningu sinni um tímabundna smástyrkjakerfið, sem barst í bréfi dagsettu 2. apríl 2009 (skjal nr. 514308), hafa stjórnvöld í Noregi fullnægt tilkynningarkvöðinni. Þau hafa einnig gefið til kynna að kerfið komist ekki til framkvæmda fyrr en það hefur hlotið samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, og er stöðvunarákvæðinu þannig fullnægt.

Stofnunin getur því ályktað að stjórnvöld í Noregi hafi fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.

### 3 Samrýmist aðstoðin ákvæðum EES-samningsins?

Eftirlitsstofnun EFTA hefur metið hvort tilkynnt ráðstöfun samrýmist ákvæðum stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sbr. ákvæði tímabundnu reglnanna.

Með útgáfu tímabundnu reglnanna lýsti Eftirlitsstofnun EFTA yfir eftirfarandi (33. mgr., undirkafla 4.1): *„Með hliðsjón af því hvað núverandi fjármálakreppa er djúp og áhrif hennar mikil á efnahag EFTA-ríkja í heild lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að réttlæta megi tilteknar tegundir ríkisaðstoðar, í skamman tíma, til þess að vinna gegn þessum erfiðleikum og að unnt sé að lýsa þær samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins.“*

Tilkynntri ráðstöfun er ætlað að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi EFTA-ríkis og tilhögun hennar tekur mið af kröfum sem gerðar eru vegna hinnar nýju tegundar aðstoðar („aðstoð sem er samrýmanleg samningnum, litlar fjárhæðir“) sem fjallað er um í undirkafla 4.2.2 í tímabundnu reglunum.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að tilkynnt ráðstöfun fullnægi öllum skilyrðum tímabundnu reglnanna. Hér er einkum um eftirfarandi atriði að ræða:

- Aðstoðarfjárhæðir geta ekki orðið hærrí en sem samsvarar 500 000 evra fjárstyrk til hvers fyrirtækis (sbr. stafl. a) og f) í undirkafla 4.2.2 í tímabundnu reglunum).
- Aðstoðin er útfærð sem kerfi (sbr. stafl. b) í undirkafla 4.2.2 í tímabundnu reglunum).
- Aðstoðin er veitt fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd <sup>(13)</sup> hinn 1. júlí 2008; heimilt er að veita hana fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd þann dag en mættu erfiðleikum síðar sökum fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum (sbr. stafl. c) í undirkafla 4.2.2 í tímabundnu reglunum).
- Óheimilt er að veita útflutningsstyrki og aðstoð sem ívilnar innlendri framleiðslu og þjónustu á kostnað erlendra (sbr. stafl. d) í undirkafla 4.2.2 í tímabundnu reglunum).
- Enga styrki má veita eftir 31. desember 2010 (sbr. stafl. e) í undirkafla 4.2.2 í tímabundnu reglunum).
- Ákvæði um eftirlit og skýrslugjöf, sem sett eru í tímabundnu reglunum, verða virt (sbr. 59. mgr. undirkafla 4.7 í tímabundnu reglunum).

Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að tilkynnt ráðstöfun sé nauðsynleg, viðeigandi og hæfilega mikil að umfangi til að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi EFTA-ríkis, eins og gert er að skilyrði í undirkafla 4.1 í tímabundnu reglunum.

#### 4 Niðurstaða

Með vísan til undanfarandi mats lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að tímabundið smástyrkjakerfi, sem stjórnvöld í Noregi hyggjast koma í framkvæmd, sé í samræmi við ákvæði tímabundnu reglnanna og samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins með vísan til 61. gr. hans.

Stjórnvöld í Noregi eru minnt á að skylt er samkvæmt 21. gr. II. hluta bókunar 3, sbr. 6. gr. ákvörðunar 195/04/COL, að leggja fram árlegar skýrslur um framkvæmd reglnanna.

Stjórnvöld í Noregi eru jafnframt minnt á að skylt er að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA öll áform um breytingar á reglunum.

#### ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

##### 1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið, með vísan til ákvæða stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, að hreyfa ekki andmælum við tímabundna smástyrkjakerfinu.

##### 2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

<sup>(13)</sup> Að því er varðar stórfyrirtæki sjá undirkafla 2.1 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki sjá skilgreiningu í 7. mgr. 1. gr. almennu hópundanþágureglugerðarinnar.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 20. maí 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

***Per Sanderud***

Forseti

***Kurt Jaeger***

Stjórnarmaður

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni Oslo Tingrett dagsett 12. október 2010 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í 2011/EES/8/02  
máli Philip Morris Norway AS og Staten v/Helse- og omsorgsdepartementet**

**(Mál E-16/10)**

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Oslo Tingrett (Héraðsdóms Óslóar) frá 12. október 2010, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 19. október 2010, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Philip Morris Norway AS gegn Staten v/Helse- og omsorgsdepartementet að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Ber að skilja 11. gr. EES-samningsins svo að almennt bann við sýnilegri útstillingu tóbaksvara sé ráðstöfun sem hafi samsvarandi áhrif og magntakmarkanir á fjálsa vöruflutninga?
2. Að því gefnu að takmarkanir séu fyrir hendi, hvaða viðmið væru afgerandi við ákvörðun um hvort bann við útstillingu, sem hefur það að markmiði að draga úr tóbaksnotkun almennings og þá sérstaklega ungs fólks, væri viðeigandi og nauðsynlegt með hliðsjón af lýðheilsu?



# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2011/EES/8/03

(mál COMP/M.6019 – APMT/Bolloré/Meridian Port Services)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið APM Terminals B.V. („APMT“), sem tilheyrir dönsku samsteypunni A.P. Møller-Maersk A/S group („APMM“), og franska fyrirtækið Bolloré S.A. („Bolloré“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ganverska fyrirtækinu Meridian Port Services Limited („Meridian Port Services“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - APMM: þróun og rekstur gámamiðstöðva og tengdrar starfsemi um heim allan, gámaflutningar með skipum, flutningar á skipgengum vatnaleiðum og vöruferlisstjórnun, rekstur dráttarbáta, rannsóknir og framleiðsla á olíu og gasi, smásala og loftflutningar
  - Bolloré: þjónusta á sviði flutninga og vöruferlisstjórnunar um heim allan, framleiðsla á plastfílum, miðasjálfsalar, rafgeymar og rafbilar, dreifing eldsneytis í Evrópu, fjarskipti og fjölmiðlar, auglýsingastarfsemi og nýting plantekra í Kamerún, Bandaríkjunum og Frakklandi
  - Meridian Port Services: þróun, stjórnun og rekstur gámamiðstöðvar í höfninni í Tema í Gana, svo og tengd þjónusta
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 47, 15. febrúar 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6019 – APMT/Bolloré/Meridian Port Services, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6115 – Steinhoff/Conforama)**

2011/EES/8/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem suður-afríska fyrirtækið Steinhoff International Holdings Limited („Steinhoff“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu Conforama Group („Conforama“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Steinhoff: framleiðsla, heildsala og smásala á húsgögnum og heimilisvörum, þjónusta á sviði vöruferlisstjórnunar og vöruhýsingar
  - Conforama: smásala á húsgögnum, tækjum til heimilisnota, vörum til skreytinga, rafeindatækjum og almennum raftækjum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 45, 12. febrúar 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6115 – Steinhoff/Conforama, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Ríkisaðstoð – Tékkland****2011/EES/8/05****Málsnúmer C 6/10 (áður NN 1/10) – Czech Airlines a.s. – hugsanleg einkenni ríkisaðstoðar á láni frá Osinek a.s.****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Tékklandi, með bréfi dagsettu 24. febrúar 2010, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sjá [Stjtið. ESB C 43, 11.2.2011, bls. 6.](#)

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við aðstoðina, sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar, er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (birtingardagur 11.2.2011). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthöfund:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Greffe  
Rue Joseph II 70  
B-1049 Brussels

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Tékklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf****2011/EES/8/06****Auglýst eftir tillögum – EACEA/02/11****Stuðningur við tengslamyndun og mannskipti meðal námsmanna og kennara í Evrópu****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Meðal markmiða áætlunarinnar er að ýta undir mannskipti og samstarf með því að styrkja tengslamyndun meðal kennara í Evrópu, einkum innan æðri menntastofnana, fræðslusamtaka og meðal samstarfsaðila þeirra úr röðum fagmanna, og stuðla að mannskiptum meðal námsmanna og kennara í Evrópu.

Auglýsing eftir tillögum 02/11 er síðasta auglýsingin í tengslum við upphafsþjálfun samkvæmt MEDIA 2007-áætluninni og býður þriggja ára rammasamning um samstarf.

**2. Hlutgengi**

Auglýsingunni er beint til samevrópskra samstarfshópa æðri menntastofnana og/eða samtaka sem tengjast hljóð- og myndefnisframleiðslu (umsækjendur verða að kom frá þremur þáttökulöndum með a.m.k. þremur æðri menntastofnunum) sem stuðla með starfsemi sinni að því að ofangreindum markmiðum MEDIA-áætlunarinnar, eins og þeim er lýst í ákvörðun ráðsins, verði náð.

Umsækjendur verða að vera skráðir í einu eftirtalinna ríkja og að meirihluta í eigu ríkisborgara frá einu eftirtalinna ríkja: aðildarríkjum Evrópusambandsins, EFTA-ríkjum sem eiga aðild að EES-samningnum og taka þátt í áætluninni MEDIA 2007 (Íslandi, Liechtenstein og Noregi), Sviss og Króatíu.

**3. Styrkhæfar ráðstafanir**

Styrkhæfar eru eftirtaldar aðgerðir í ríkjunum sem eiga aðild að MEDIA-áætluninni, og starfsemi sem þeim tengist:

Fræðslustarf í því skyni að efla skilning á Evrópuþáttum meðal þeirra sem hyggjast leggja fyrir sig störf á sviði hljóð- og myndefnisgerðar, svo og getu þeirra til að vefa slíka þætti inn í starf sitt, með því að auka sérfræðipækkingu á eftirfarandi sviðum:

- fræðslu á sviði efnahags-, fjárhags- og viðskiptastjórnunar,
- fræðslu á sviði nýrrar rækni,
- fræðslu á sviði handritsgerðar.

Styrkhæfur er aðeins sá kostnaður sem fellur til á 12 til 18 mánuðum að hámarki, þegar til þess liggja réttmætar ástæður.

Starfsemin verður að hefjast 1. september 2011 eða síðar og henni verður að ljúka fyrir 30. júní 2013.

**4. Viðmið við úthlutun**

Umsækjendur og verkefni, sem teljast styrkhæf, verða metin til allt að 100 stiga á grundvelli eftirtalinna viðmiða:

- hversu vandað er til starfseminnar (20 stig)
- verkefnastjórnun (20 stig),
- hversu traustur samstarfshópurinn er (20 stig),

- Evrópuþættir (20 stig),
- áhrif (20 stig).

#### 5. Fjárveiting

Áætluð heildarfjárveiting vegna samfjármögnunar verkefna er 2 000 000 EUR.

Hámarksstyrkir geta ekki orðið hærri en sem nemur 50 % eða 75% af heildarkostnaði.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

#### 6. Umsóknarfrestur

Tekið verður við umsóknum til 29. apríl 2011. Umsóknir skulu sendar á neðangreint pósthfang:

Education, Audiovisual and Culture Agency (EACEA)  
Call For Proposals EACEA/02/11 – ‘MEDIA Support for the networking and mobility of students and trainers in Europe’

Mr. Constantin DASKALAKIS  
BOUR 03/30  
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1  
1140 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á réttu umsóknareyðublaði, rétt útfylltu og dagsettu, og beri undirskrift fulltrúa umsækjanda sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd hans.

Umsóknir, sem berast í símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

#### 7. Nánari upplýsingar

Leiðbeiningar um hvernig standa beri að umsóknum eru birtar, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:

[http://ec.europa.eu/culture/media/programme/training/forms/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/culture/media/programme/training/forms/index_en.htm)

Umsóknum verður að skila á umsóknareyðublaðinu sem sýnt er og þeim verða að fylgja öll fylgiskjöl og allar upplýsingar sem tilgreindar eru.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar 2011/EES/8/07  
Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og  
endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra**

*(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni)*

Evrópsk staðla-samtök <sup>(1)</sup>	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1	Ákvæði í tilskipun 1999/5/EB
Cenelec	EN 41003:1998 Sérstakar öryggiskröfur vegna búnaðar sem tengja á við fjarskiptanet	EN 41003:1996  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.1.2002)	Stafl. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 41003:1998/AC:2000			
	EN 41003:1998/AC:1999			
Cenelec	EN 41003:2008 Sérstakar öryggiskröfur vegna búnaðar sem tengja á við fjarskiptanet og/eða kapaldreifikerfi	EN 41003:1998  Athugasemd 2.1	1.7.2011	Stafl. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
Cenelec	EN 50360:2001 Vörustaðall til þess að sýna fram á samræmi farsíma við grunntakmarkanir varðandi áhrif rafsegulsviða á fólk (300 MHz – 3 GHz)			Stafl a) í 1. mgr. 3. gr.
	EN 50360:2001/AC:2006			
Cenelec	EN 50364:2001 Takmörkun á áhrifum sem fólk verður fyrir af rafsegulsviðum frá tækjum sem starfa á tíðnisviðinu 0Hz og upp í 10GHz og notuð eru við rafrænt eftirlit með hlutum (Electronic Article Surveillance – EAS), auðkenningu útvarpstíðni (Radio Frequency Identification – RFID) o.þ.h.			Stafl. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
Cenelec	EN 50364:2010 Takmörkun á áhrifum sem fólk verður fyrir af rafsegulsviðum frá tækjum sem starfa á tíðnisviðinu 0Hz og upp í 10GHz og notuð eru við rafrænt eftirlit með hlutum (Electronic Article Surveillance – EAS), auðkenningu útvarpstíðni (Radio Frequency Identification – RFID) o.þ.h.	EN 50364:2001  Athugasemd 2.1	1.11.2012	Stafl. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
Cenelec	EN 50371:2002 Almennur staðall til þess að sýna fram á samræmi lágaflls rafeinda- og rafmagnstækja við grundvallartakmarkanir er tengjast áhrifum rafsegulsviða á fólk (10 MHz – 300 GHz) – Almennitur			Stafl. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
Cenelec	EN 50385:2002 Vörustaðall ætlaður til þess að sýna fram á samræmi þráðlausra fastastöðva og fastra endastöðva til þráðlausra fjarskipta við grundvallartakmarkanir eða viðmiðunarmörk sem tengjast áhrifum af útvarpstíðnirafsegulsviðum á almenning (110 MHz – 40 GHz)			Stafl a) í 1. mgr. 3. gr.
Cenelec	EN 55022:1998 Upplýsingatæknibúnaður – Einkenni loftskeytatruflana – Takmörk og mæliaðferðir CISPR 22:1997 (Breytt)	EN 55022:1994 + A1:1995 + A2:1997  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.8.2007)	Stafl b) í 1. mgr. 3. gr.
	EN 55022:1998/A1:2000 CISPR 22:1997/A1:2000	Athugasemd 3		
	EN 55022:1998/A2:2003 CISPR 22:1997/A2:2002	Athugasemd 3		

Evrópsk staðla-samtök (¹)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1	Ákvæði í tilskipun 1999/5/EB
Cenelec	EN 50401:2006 Vörustaðall ætlaður til þess að sýna fram á samræmi fastabúnaðar til útvarpssendinga (110 MHz – 40 GHz), sem ætlaðar eru til nota í þráðlausum fjarskiptanetum, við grunnmarkgildi eða viðmiðunarmörk sem tengjast áhrifum af útvarpstíðnirafsegulsviðum á almenning við notkun			Staf. a) í 1. mgr. 3. gr.
Cenelec	EN 55022:2006 Upplýsingatækniþúnaður – Einkenni loftskýtatruflana – Takmörk og mæliaðferðir CISPR 22:2005 (Breytt)	EN 55022:1998 + A1:2000 + A2:2003  Athugasemd 2.1	1.10.2011	Staf. b) í 1. mgr. 3. gr.
	EN 55022:2006/A1:2007 CISPR 22:2005/A1:2005	Athugasemd 3	1.10.2011	
Cenelec	EN 55024:1998 Upplýsingatækniþúnaður – Ónæmiseiginleikar – Takmörk og mæliaðferðir CISPR 24:1997 (Breytt)		Liðinn (1.7.2001)	Staf. b) í 1. mgr. 3. gr.
	EN 55024:1998/A1:2001 CISPR 24:1997/A1:2001	Athugasemd 3	Liðinn (1.10.2004)	
	EN 55024:1998/A2:2003 CISPR 24:1997/A2:2002	Athugasemd 3	Liðinn (1.12.2005)	
Cenelec	EN 60065:2002 Hljóð- og myndþúnaður og ámóta rafeindabúnaður – Öryggiskröfur IEC 60065:2001 (Breytt)	EN 60065:1998  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.3.2007)	Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 60065:2002/A1:2006 IEC 60065:2001/A1:2005 (Breytt)	Athugasemd 3	Liðinn (1.12.2008)	
	EN 60065:2002/A11:2008	Athugasemd 3	Liðinn (1.7.2010)	
	EN 60065:2002/AC:2006			
	EN 60065:2002/AC:2007			
Cenelec	EN 60215:1989 Öryggiskröfur vegna útvarpssenda IEC 60215:1987			Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 60215:1989/A1:1992 IEC 60215:1987/A1:1990	Athugasemd 3	Liðinn (1.6.1993)	
	EN 60215:1989/A2:1994 IEC 60215:1987/A2:1993	Athugasemd 3	Liðinn (15.7.1995)	
Cenelec	EN 60825-1:1994 Öryggi leysitækja – 1. hluti: Flokkun þúnaðar, kröfur og notendaleiðbeiningar IEC 60825-1:1993			Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 60825-1:1994/AC:1995			
Cenelec	EN 60825-1:2007 Öryggi leysitækja – Hluti 1: Flokkun þúnaða og kröfur IEC 60825-1:2007	EN 60825-1:1994 ásamt breytingum  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.9.2010)	Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)

Evrópsk staðla-samtök (*)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1	Ákvæði í tilskipun 1999/5/EB
Cenelec	EN 60825-2:2004 Öryggi leysitækja – 2. hluti: Öryggi ljósleiðarafjarskiptakerfa IEC 60825-2:2004	EN 60825-2:2000  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.9.2007)	Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 60825-2:2004/A1:2007 IEC 60825-2:2004/A1:2006	Athugasemd 3	Liðinn (1.2.2010)	
Cenelec	EN 60825-4:2006 Öryggi leysitækja – 4. hluti: Leysivarnir IEC 60825-4:2006	EN 60825-4:1997 + A1:2002 + A2:2003  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.10.2009)	Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 60825-4:2006/A1:2008 IEC 60825-4:2006/A1:2008	Athugasemd 3	1.9.2011	
Cenelec	EN 60825-12:2004 Öryggi leysitækja – 12. hluti: Öryggi fjarskiptakerfa sem nota ljós í tómarúmi við flutning upplýsinga IEC 60825-12:2004			Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
Cenelec	EN 60950-1:2001 Upplýsingatæknibúnaður – Öryggi – 1. hluti: Almennar kröfur IEC 60950-1:2001 (Breytt)	EN 60950:2000  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.7.2006)	Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 60950-1:2001/A11:2004	Athugasemd 3		
	EN 60950-1:2001/AC:2007			
	EN 60950-1:2001/AC:2004			
Cenelec	EN 60950-1:2006 Upplýsingatæknibúnaður – Öryggi – 1. hluti: Almennar kröfur IEC 60950-1:2005 (Breytt)	EN 60950-1:2001 ásamt breytingu  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.12.2010)	Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 60950-1:2006/A11:2009	Athugasemd 3	Liðinn (1.12.2010)	
	EN 60950-1:2006/A1:2010 IEC 60950-1:2005/A1:2009 (Breytt)	Athugasemd 3	1.3.2013	
Cenelec	EN 60950-22:2006 Upplýsingatæknibúnaður – Öryggi – 22. hluti: Búnaður til uppsetningar utanhúss IEC 60950-22:2005 (Breytt)			Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 60950-22:2006/AC:2008			
Cenelec	EN 60950-23:2006 Upplýsingatæknibúnaður – Öryggi – Hluti 23: Búnaður til gagnageymslu í miklu magni IEC 60950-23:2005			Staf. a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
	EN 60950-23:2006/AC:2008			
Cenelec	EN 61000-3-2:2006 Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 3-2: Takmörk – Takmörk fyrir útgeislun yfirsveiflustrauma (málstraumur búnaðar < 16 A á fasa) IEC 61000-3-2:2005	EN 61000-3-2:2000 + A2:2005  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.2.2009)	Staf. b) í 1. mgr. 3. gr.
	EN 61000-3-2:2006/A2:2009 IEC 61000-3-2:2005/A2:2009	Athugasemd 3	1.7.2012	
	EN 61000-3-2:2006/A1:2009 IEC 61000-3-2:2005/A1:2008	Athugasemd 3	1.7.2012	



Evrópsk staðla-samtök (*)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1	Ákvæði í tilskipun 1999/5/EB
Cenelec	EN 61000-3-3:1995 Rafsegulsviðssamhæfi – Hlut 3-3: Takmörk – Takmörkun spennusveiflna og flökts í lágspennudreiferkerfum fyrir búnað sem hefur málstraum <= 16 A á hvern fasa og sem ekki er háður skilyrtri tengingu IEC 61000-3-3:1994		Liðinn (1.1.2001)	Stafli b) í 1. mgr. 3. gr.
	EN 61000-3-3:1995/A1:2001 IEC 61000-3-3:1994/A1:2001	Athugasemd 3	Liðinn (1.5.2004)	
	EN 61000-3-3:1995/AC:1997			
Cenelec	EN 61000-3-3:2008 Rafsegulsviðssamhæfi – Hlut 3-3: Takmörk – Takmörkun spennusveiflna og flökts í lágspennudreiferkerfum fyrir búnað sem hefur málstraum upp að 16 A IEC 61000-3-3:2008	EN 61000-3-3:1995 ásamt breytingum  Athugasemd 2.1	1.9.2011	Stafli b) í 1. mgr. 3. gr.
Cenelec	EN 61000-3-11:2000 Rafsegulsviðssamhæfi (EMC) – 3-11. hluti: Takmörk – Takmarkanir á spennubreytingum, spennusveiflum og flöktri í almennum lágspennukerfum – búnaður með málstraum <= 75 A og háður skilyrtri tengingu IEC 61000-3-11:2000		Liðinn (1.11.2003)	Stafli b) í 1. mgr. 3. gr.
Cenelec	EN 61000-3-12:2005 Rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 3-12: Takmörk – Takmörk fyrir yfirsveiflustrauma sem stafa frá búnaði sem tengdur er almennum lágspennukerfum með málstraum > 16 A og = 75 A á fasa IEC 61000-3-12:2004		Liðinn (1.7.2004)	Stafli b) í 1. mgr. 3. gr.
Cenelec	EN 61000-6-1:2007 Rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 6-1: Almennir staðlar – Ónæmi fyrir íbúðar-, verslunar- og smáíðnaðarumhverfi IEC 61000-6-1:2005	EN 61000-6-1:2001  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.12.2009)	Stafli b) í 1. mgr. 3. gr.
Cenelec	EN 61000-6-2:2005 Rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 6-2: Almennir staðlar – Ónæmi fyrir iðnaðarumhverfi IEC 61000-6-2:2005	EN 61000-6-2:2001  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.6.2008)	Stafli b) í 1. mgr. 3. gr.
	EN 61000-6-2:2005/AC:2005			
Cenelec	EN 61000-6-3:2007 Rafsegulsviðssamhæfi (EMC) – Hluti 6-3: Almennir staðlar – Útgeislunarstaðall fyrir íbúðar-, verslunar og smáíðnaðarumhverfi IEC 61000-6-3:2006	EN 61000-6-3:2001 + A11:2004  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.12.2009)	Stafli b) í 1. mgr. 3. gr.
Cenelec	EN 61000-6-4:2007 Rafsegulsviðssamhæfi (EMC) – Hluti 6-4: Almennir staðlar – Útgeislunarstaðall fyrir iðnaðarumhverfi IEC 61000-6-4:2006	EN 61000-6-4:2001  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.12.2009)	Stafli b) í 1. mgr. 3. gr.
Cenelec	EN 62311:2008 Mat á rafeinda- og rafmagnsbúnaði er tengist takmörkunum á áhrifum rafsegulsviða á fólki (0 Hz – 300 GHz) IEC 62311:2007 (Breytt)			Stafli a) í 1. mgr. 3. gr. (og 2. gr. 2006/95/EB)
ETSI	EN 300 065-2 V1.1.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Þröngbandsritsimabúnaður með beinni prentun til móttöku upplýsinga um veður eða leiðsögu (NAVTEX); 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta			2. mgr. 3. gr.

Evrópsk staðla-samtök (*)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1	Ákvæði í tilskipun 1999/5/EB
ETSI	EN 300 065-2 V1.2.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Þröngbandsritsimabúnaður með beinni prentun til móttöku upplýsinga um veður eða leiðsögu (NAVTEX); 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 065-2 V1.1.1  Athugasemd 2.1	30.4.2011	2. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 065-3 V1.1.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Þröngbandsritsimabúnaður með beinni prentun til móttöku upplýsinga um veður eða leiðsögu (NAVTEX); 3. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur í e-lið 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta			3. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 065-3 V1.2.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Þröngbandsritsimabúnaður með beinni prentun til móttöku upplýsinga um veður eða leiðsögu (NAVTEX); 3. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 065-3 V1.1.1  Athugasemd 2.1	28.2.2011	3. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 086-2 V1.2.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Farstöðvaþjónusta á landi; Þráðlaus fjarskiptabúnaður með innri eða ytri útvarpstíðnitengli sem fyrst og fremst er ætlaður fyrir hliðrænt tal; 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur skv. 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 086-2 V1.1.1  Athugasemd 2.1	Liðinn (30.6.2010)	2. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 086-2 V1.3.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Farstöðvaþjónusta á landi; Þráðlaus fjarskiptabúnaður með innri eða ytri útvarpstíðnitengli sem fyrst og fremst er ætlaður fyrir hliðrænt tal; 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur skv. 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 086-2 V1.2.1  Athugasemd 2.1	31.3.2012	2. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 113-2 V1.4.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Farstöðvaþjónusta á landi; Þráðlaus fjarskiptabúnaður sem ætlaður er til sendingar á gögnum (og tali) og sem búinn er loftnetstengli; 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur skv. 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 113-2 V1.3.1  Athugasemd 2.1	Liðinn (31.3.2009)	2. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 113-2 V1.4.2 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Farstöðvaþjónusta á landi; Þráðlaus fjarskiptabúnaður sem ætlaður er til sendingar á gögnum (og tali) og sem búinn er loftnetstengli; 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur skv. 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 113-2 V1.4.1  Athugasemd 2.1	31.8.2011	2. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 135-2 V1.2.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Hornmótaður almenningsstaldvabúnaður (CB) (CEPT PR 27 þráðlaus fjarskiptabúnaður); 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur skv. 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 135-2 V1.1.1  Athugasemd 2.1	Liðinn (30.11.2009)	2. mgr. 3. gr.

Evrópsk staðla-samtök (*)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1	Ákvæði í tilskipun 1999/5/EB
ETSI	EN 300 162-2 V1.2.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Sendi- og móttökubúnaður í metrabylgjutalstöðvum (VHF) til nota í sjófarstöðvaþjónustunni; 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur skv. 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 162-2 V1.1.2  Athugasemd 2.1	Liðinn (31.8.2008)	2. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 162-3 V1.2.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Sendi- og móttökubúnaður í metrabylgjutalstöðvum (VHF) til nota í sjófarstöðvaþjónustunni; 3. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur í e-lið 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 162-3 V1.1.1  Athugasemd 2.1	Liðinn (31.8.2008)	3. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 219-2 V1.1.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Farstöðvaþjónusta á landi; Fjarskiptabúnaður með innri eða ytri útvarpstíðnitengli sem fyrst og fremst er ætlaður fyrir hliðrænt tal; 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur skv. 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta			2. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 220-2 V2.1.2 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Skammdræg tæki (SRD): Fjarskiptabúnaður til nota á tíðnisviðinu 25 MHz til 1000 MHz með styrk allt að 500 mW; 2. hluti: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur skv. 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 220-2 V2.1.1  Athugasemd 2.1	Liðinn (31.3.2009)	2. mgr. 3. gr.
ETSI	EN 300 220-2 V2.3.1 Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Skammdræg tæki (SRD): Fjarskiptabúnaður til nota á tíðnisviðinu 25 MHz til 1000 MHz með styrk allt að 500 mW; Hluti 2: Samræmdur Evrópustaðall um grunnkröfur skv. 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta	EN 300 220-2 V2.1.2  Athugasemd 2.1	31.5.2013	2. mgr. 3. gr.
